

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

11. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 15. ágúst 2016

kl. 08:15 í fundarsal B.S. að Hringbraut 125.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri er í sumarorlofi.

Dagskrá.

Mál:

1. Fjárhagsáætlun 2017. Fyrstu drög lögð fram til umræðu. Helstu breytingar eru auknar tekjur v/sjúkraflutninga og aukinn kostnaður v/fjárfestinga og launahækkana m.a. vegna fjölgunar starfsmanna á vakt.
2. Húsnæðismál (ný slökkvistöð). Stjórnin samþykkir að sækja um lóð hjá Reykjanesbæ og felur slökkviliðsstjóra og stjórnarformanni að vinna áfram að málinu.
3. Staða fjármála fyrstu 6 mánuði ársins. Yfirlit lagt fram og þar kemur í ljós að rekstur er samkvæmt áætlun fyrstu 6 mánuði ársins.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - a. Fyrsta sending af nýjum reykköfunartækjum er komin í hús.
 - b. Dagektir v/ vanefnda. Eitt fyrirtæki á starfssvæði B.S er nú á leið í dagsektarferli, en það er í fyrsta sinn sem það gerist hjá b.S.
 - c. Kjaramál.
 - d. Útköll B.S. Allt stefnir í metár hvað varðar fjölda verkefna, þ.m.t. sjúkraflutningar, umsagnir, og öryggisvöktun.
 - e. Námsferð slökkviliðsmanna til Finnlands verður farin á haustmánuðum.
5. Viðaukar vð fjárhagsáætlun 2016. Samþykkt að færa fjármagn á milli liða vegna aukinnar tekna og fjárfestinga.
6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:00